

FW: Umsögn um frv. til laga um lögheimili og aðsetur

Til : Gísli Halldór Halldórsson;Margrét Halldórsdóttir;Margrét Geirsdóttir
Frá : Þórdís Sif Sigurðardóttir
CC : Hjördís Þráinsdóttir
Heiti : FW: Umsögn um frv. til laga um lögheimili og aðsetur
Málsnúmer : 2018020003
Málsaðili : Alþingi
Skráð dags : 13.04.2018 09:05:50
Höfundur : Þórdís Sif Sigurðardóttir

Viðhengi [Umsögn SÍS um frv. til laga um lögheimili og aðsetur.pdf](#)[Umsögn SÍS um frv. til laga um lögheimili og aðsetur.pdf](#)
[image001.gif](#)[image001.gif](#)

Sæl verið þið,

Mér datt í hug að þið hefðuð áhuga á þessu. Legg jafnframt til þess að þetta verði lagt fram til kynningar í bæjarráði.

Kær kveðja,
Þórdís

From: Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir [mailto:vigdis.osk.hasler.sveinsdottir@samband.is]
Sent: föstudagur, 13. apríl 2018 08:58
To: Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir
Subject: Umsögn um frv. til laga um lögheimili og aðsetur

Sæl verið þið.

Talsvert hefur verið spurt um umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga við frv. til laga um lögheimili og aðsetur (345. mál). Ég leyfi mér því að senda ykkur afrit, ásamt leiðbeinandi álitum um tvöfalda leikskólavist frá 2013 sem þó geymir einhverja punkta sem hægt er að nýta í umræðunni. Umsagnafrestur rann út í gær. Þess skal getið að málið verður lagt fyrir allsherjar- og menntamálanefnd (þrátt fyrir að frumvarpið komi frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra). Eftirfarandi skýringar fengust frá nefndasviði þingsins vegna þessa:

„Með lögum nr. 84/2011 voru gerðar breytingar á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og fastanefndum þingsins fækkað auk þess sem málefnasvið þeirra endurskoðað. Við þá endurskoðun var m.a. horft til þess að láta málefnskippingu fastanefnda taka frekur mið af verkefnaskipulagi þingsins en samsvörun við ráðuneyti Stjórnarráðsins.

Við 1. umræðu um frumvarp til laga um lögheimili og aðsetur gerði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra tillögu um að málið gengi til þeirrar allsherjar- og menntamálanefndar en litið hefur verið svo á að málefni er varða lögheimili falli betur að málefnasviði þeirrar nefndar. Engin önnur tillaga var borin upp eða andmælum hreyft og því þurfti ekki að greiða um það atkvæði.

Það má þó geta þess að ef að nefndir þings telja að mál sem þær fá til umfjöllunar hafi átt að vísa til annarrar nefndar er unnt að færa mál milli nefnda í samræmi við 3. mgr. 23. gr. þingskapa.“

Til að tryggja að umræðan í þinginu fari ekki á villigötur um tvöfalt lögheimili barna, tókum við ákvörðun um að setja smá meira kjöt á beinin í þeirri umfjöllun umsagnarinnar.

með kveðju,



Vigdis Häsler

lögfræðingur

Beint innval: 515 4911

Netfang: vigdis@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.